

12. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 60/1943, um refsing fyrir óheimila för inn á bannsvæði herstjórnar og óheimila dvöl þar, og lög nr. 99/1943, um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem hlýst af veru herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Prátt fyrir ákvæði 12. gr. laga þessara taka ákvæði þeirra um samninga við varnarliðið, aðra en starfssamninga, ekki gildi fyrr en 1. maí 2001.

Prátt fyrir ákvæði laga þessara skal utanríkisráðuneytinu heimilt að tilnefna verktaka til samninga við varnarliðið án forvals og með óbreyttum kjörum vegna verklegra framkvæmda sem greiddar eru af bandarískum stjórnvöldum, í samræmi við samninga Íslands og Bandaríkjanna þar að lútandi.

II.

Áður en samningar við varnarliðið, sem getið er um í lögum þessum og gerðir hafa verið fyrir gildistöku laganna og ekki sætt forvalsmeðferð, koma til framlengingar er heimilt, að tillögu forvalsnefndar, að ákveða að fram skuli fara forval og hæfir aðilar tilnefndir skv. III. kafla laganna. Sé þessi heimild nýtt gilda ákvæði 4. gr., svo og önnur ákvæði laganna eftir því sem við á.

Gjört á Bessastöðum, 23. maí 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.

LÖG

um breytingu á upplýsingalögum, nr. 50/1996, o.fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Breytingar á upplýsingalögum, nr. 50/1996.

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna hljóðar svo:

Lögin gilda ekki um aðgang að upplýsingum samkvæmt stjórnslulögum. Lögin gilda heldur ekki um aðgang að upplýsingum samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nema óskað sé eftir aðgangi að skjölum eða öðrum gögnum sem 2. mgr. 3. gr. laga þessara tekur til. Þá gilda lögin heldur ekki ef á annan veg er mælt í þjóðréttarsamningum sem Ísland á aðild að.

2. gr.

Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og hljóðar svo:

Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem fram kemur í gögnum er nefndinni eru látin í té. Sama gildir um þá sem hún kann að kveðja sér til aðstoðar.

3. gr.

Við 2. mgr. 16. gr. laganna bætist nýr málslíður er verður síðari málslíður þeirrar málsgreinar og hljóðar svo: Stjórnvaldi er skylt að láta nefndinni í té afrit af þeim gögnum er kæra lýtur að.

4. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 17. gr. laganna:

- a. Við greinina bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og hljóðar svo:

Úrskurður samkvæmt lögum þessum um aðgang að gögnum eða afrit af þeim er aðfararhæfur, nema réttaráhrifum hans hafi verið frestað.

- b. Fyrirsögn greinarinnar verður: *Birting og aðfararhæfi úrskurðar.*

5. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 18. gr. laganna:

- a. Lokamálsliður fellur brott.

- b. Við bætist ný málsgrein er hljóðar svo:

Skal frestun á réttaráhrifum bundin því skilyrði að stjórnvald beri málið undir dómstóla innan sjö daga frá birtingu ákvörðunar um frestun réttaráhrifa úrskurðar og óski eftir að það hljóti flýtimeðferð. Nú er beiðni um flýtimeðferð synjað og skal þá mál höfðað innan sjö daga frá því að beiðni um það er synjað.

Breyting á stjórnslögum, nr. 37/1993.

6. gr.

Orðin „þar á meðal ef lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga standa í vegi fyrir aðgangi að gögnunum“ í 17. gr. laganna falla brott.

Gildistaka.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skal 1. gr. laganna ekki öðlast gildi fyrr en 1. janúar 2001.

Gjört á Bessastöðum, 23. maí 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Davíð Oddsson.

LÖG**um afnám lagaákvæða um skattfrelsi forseta Íslands.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI**Breyting á lögum um laun forseta Íslands, nr. 10/1990.**

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. Orðin „og er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum“ í 1. mgr. falla brott.
- b. 2. mgr. fellur brott.